

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar¹ um tillögu til þingsályktunar um þolendamiðaða heildarendurskoðun hegningarlaga, 207. mál

Landssamtökin Proskahjálp þakka fyrir að hafa fengið þingsályktunartillöguna til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri.

Íslenska ríkið fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks² árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að virða öll ákvæði hans og framfylgja þeim. Í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar segir: „Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verður lögfestur.“

Í formálsorðum samningsins segir m.a.:

Ríki, sem eiga aðild að samningi þessum, ... viðurkenna að fatlaðar konur og stúlkur eru oft í meiri hættu, innan heimilis sem utan, á að verða fyrir ofbeldi, skaða eða misþyrmingum, vanrækslu eða hirðuleysi, illri meðferð eða misnotkun í gróðaskyni.

Í 4. gr. samningsins sem hefur yfirskriftina „Almennar skuldbindingar“, segir:

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar. Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:
 - a) að samþykkja alla viðeigandi löggjöf og ráðstafanir á sviði stjórn-sýslu og aðrar ráðstafanir til að tryggja þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi þessum,
 - b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin, ... (Feitletr. Proskahj.)

5. gr. samningsins hefur yfirskriftina „Jafnrétti og bann við mismunun“. Þar segir:

1. Aðildarríkin viðurkenna að allar manneskjur eru jafnar fyrir og samkvæmt lögum og eiga rétt á jafnri vernd og jöfnum ávinningi af lögum án nokkurra mismununar.
2. Aðildarríkin skulu banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja

¹ Landssamtökin Proskahjálp vinna að réttinda- og hagsmunamállum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fólk með proskahömlun og/eða einhverfu og skyldar fatlanir og fötluð börn og ungmenni. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, Barnasáttmála SP og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum sem íslenska ríkið hefur undirgengist.

² [https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Mannrettindi-og-jafnrretti/Mannrettindi/N%3%bd%20%3%be%3%bd%3%b0ing%20%3%a1%20samningi%20%3%9e%20um%20r%3%a9ttindi%20fatla%3%b0s%20f%3%b3lks%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Mannrettindi-og-jafnrretti/Mannrettindi/N%3%bd%20%3%be%3%bd%3%b0ing%20%3%a1%20samningi%20%3%9e%20um%20r%3%a9ttindi%20fatla%3%b0s%20f%3%b3lks%20-%20Copy%20(1).pdf)

fötluðu fólki jafna og árangursríka réttarvernd gegn mismunun af hvaða ástæðu sem er.

3. **Aðildarríkin skulu, í því skyni að efla jafnrétti og uppræta mismunun, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólki standi viðeigandi aðlögun til boða.**³
(Feitletr. Proskahj.)

Rannsóknir hvarvetna í heiminum sýna að miklu líklegara er að fatlað fólk verði fyrir ofbeldi af öllu tagi en fólk almennt. Rannsóknir staðfesta einnig að fatlaðar konur eru í sérstakri hættu að þessu leyti. Þessar staðreyndir skýra hvers vegna lögð er mjög mikil áhersla á skyldur ríkja til að verja fatlað fólk fyrir ofbeldi af öllu tagi í samningi SP um réttindi fatlaðs fólks og fatlaðar konur sérstaklega.

Í 16. gr. samningsins sem hefur yfirskriftina „Frelsi frá misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum“ segir:

1. *Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnslu, félags- og menntamála og aðrar ráðstafanir í því skyni að vernda fatlað fólk, jafnt innan heimilis sem utan, fyrir hvers kyns misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum, þar á meðal kynbundnum hliðum þessa.*

2. *Aðildarríkin skulu einnig gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hvers konar misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar, þar á meðal með því að tryggja fötluðu fólki og fjölskyldum þess og umönnunaraðilum viðeigandi aðstoð og stuðning, sem tekur mið af kyni og aldri, meðal annars með upplýsingagjöf og fræðslu um hvernig beri að forðast, átta sig á og tilkynna um misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar. Aðildarríkin skulu tryggja að við þá þjónustu þar sem vernd er veitt sé tekið mið af kyni, aldri og fötlun. ...*

5. *Aðildarríkin skulu taka upp árangursríka löggjöf og stefnu, þar á meðal löggjöf og stefnu þar sem **sérstakt tillit er tekið til kvenna og barna**, til að tryggja að misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar sem beinast gegn fötluðu fólki verði greindar, rannsakaðar og eftir atvikum ákært vegna þeirra.*

(Feitletr. Proskahj.)

6. gr. samningsins hefur yfirskriftina „Fatlaðar konur“ og hljóðar svo:

1. *Aðildarríkin viðurkenna að fatlaðar konur og stúlkur verða fyrir fjölþættri mismunun og skulu gera ráðstafanir til þess að tryggja að þær fái notið til fulls allra mannréttinda og grundvallarfrelsis til jafns við aðra.*

2. *Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fullu þróun, framgang og valdeflingu kvenna í því skyni að tryggt sé að þær geti nýtt sér og notið þeirra mannréttinda og grundvallarfrelsis sem samningur þessi kveður á um.*

³ „Viðeigandi aðlögun“ er skilgreind svo í 2. gr. samningsins: „Viðeigandi aðlögun“ merkir nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem eru ekki umfram það sem eðlilegt má teijast eða of íþyngjandi, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilviki, til þess að tryggt sé að fatlað fólk fái notið eða geti nýtt sér, til jafns við aðra, öll mannréttindi og grundvallarfrelsi.

Rannsóknir hvarvetna í heiminum sýna að fatlað fólk nýtur verri verndar réttarvörslukerfisins en fólk almennt og mikið skortir oft á að það kerfi taki nægilegt tillit til aðstæðna, þarfa og réttinda fatlaðs fólks og tryggi því **viðeigandia aðlögun** eins og skylt er samkvæmt samningnum, sbr. m.a. 5. gr hans.

Vegna þessa er í samningnum sérstök grein um skyldur ríkja til að „tryggja fötluðu fólki árangursríkan aðgang að réttinum til jafns við aðra.“

13. gr. samningsins hefur yfirskriftina „Aðgangur að réttinum“ og hljóðar svo:

1. *Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki árangursríkan aðgang að réttinum til jafns við aðra, meðal annars með aðlögun málsmeðferðar og aðlögun með tilliti til aldurs í því skyni að greiða fyrir árangursríkri þátttöku þess, beinni eða óbeinni, þar á meðal sem vitni, í allri málsmeðferð, þ.m.t. á rannsóknarstigi eða öðrum fyrri stigum máls.*

2. *Í því skyni að tryggja fötluðu fólki árangursríkan aðgang að réttinum skulu aðildarríkin efla viðeigandi þjálfun fyrir þau sem starfa á sviði réttarvörslu, þar á meðal lögreglu og starfsfólk fangelsa.⁴*

Með vísan til þess sem að framan er rakið styðja Landsamtökin Þroskahjálp þingsályktunartillöguna og eru tilbúin að koma á fund allsherjar- og menntamálanefndar til að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og áherslum.

Virðingarfyllst.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar.

⁴ Á vegum Sameinuðu þjóðanna voru nýlega gefnar út leiðbeiningar varðandi aðgang fatlaðs fólks að réttinum, „International Principles and Guidelines on Access to Justice for Persons with Disabilities“ sem má nálgast á þessum hlekk:

https://www.ohchr.org/sites/default/files/Documents/Issues/Disability/SR_Disability/GoodPractices/Access-to-Justice-EN.pdf